

24

29. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár,
firnu og prókúruumboð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. grein laganna orðist svo:

Hver sá, er rekur verzlun (35. gr.), handiðnað eða verksmiðjuíðnað, skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir, um nafn það, er hann notar við atvinnuna, og um undirskrift fyrir hana (firna), enda beri fyrirtækið nafn, sem samrýmist íslenzku málkerfi að dómi skrásetjara. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 33/1953.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

25

29. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. liður 3. gr. orðist svo:

Hefur meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, þar sem hann ætlar að reka atvinnu, enda beri veitingastaðurinn eða gistihúsið nafn, sem að dómi skrásetjara samrýmist íslenzku málkerfi. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 33/1953.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.